

## 1144. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. febrúar 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Óskar Guðmundsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Áður en að fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna fyrir breytingu á dagskrá þannig að inn kæmu þrjú nýr dagskrárliðir frá og með lið nr. 6. Þannig yrði nýr liður nr. 6 yfirlýsing stjórnar til Íslandsbanka vegna bankahólfis; nýr liður nr. 7 bréf frá lögmanni Ástu Rutar Jónasdóttur; og nýr liður nr. 8 öldungaráð VR. Áður auglýstur liður nr. 6 yrði þá nr. 9 og liðurinn önnur mál nr. 10.

Samþykkt.

### Dagskrá:

**1. Fundargerð 1143. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.**

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1143. stjórnarfundar til samþykktar og bað fundarmenn um að lesa hana yfir. Engar athugasemdir voru gerðar eftir yfirllestur fundargerðar og var hún þá samþykkt og undirrituð.

**2. Staða kjaramála – kosning**

Ólafía Björk sagði frá því að viðuræðunefndir væru farnar að tala saman t.d. nefndin um lífeyrismál þar sem væri búið að funda einu sinni. Þar er rætt um að gera tryggingafræðilega úttekt á öllum lífeyrissjóðum sem ætti að vera klárt í lok maí. Einnig fer af stað nefnd um mat á námi til launa og þar verður Selma Kristjánsdóttir starfsmaður VR fyrir okkar hönd. Allt er þetta því í vinnslu hvað kjarasamninginn varðar.

Kosningar um nýja samninginn fara af stað kl. 8:00 þann 16. febrúar nk. og standa til hádegis þann 24. febrúar nk.

Við munum halda félagsfundi til að kynna samninginn í næstu viku. Ólafía Björk og Elías sviðsstjóri kjarasviðs munu fara yfir helstu atriðin á þessum félagsfundum en fyrsti fundur er á mánudag á Hótel Natura og svo á þriðjudag í Vestmannaeyjum og á fimmtudag á Egilsstöðum.

### 3. Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Rannveig lagði fram skjalið „Minnisblað – Breytingar á Reglugerð og Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR“ dags. 04.02 2016 og fór yfir efni þess.

Í máli Rannveigar kom m.a. fram að áður hefði stjórn samþykkt breytingu á gr. 17 sem lögð verði fyrir komandi aðalfund en að framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs leggi til tvær breytingar til viðbótar sem eru við gr. 9.5 og eru þessar:

Lagt er til að lýsingarorðið “verulegar” falli á brott í 1. mgr. en gr. 9.5 er svohljóðandi:

9.5 Ef verulegar breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá einyrkja eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu einyrkja hafa nýlega gengið í félagið.

Þetta er lagt til þar sem það er nokkuð teygjanlegt hugtak hvað teljast “verulegar” breytingar á tekjum þeim sem greidd eru af iðgjöld þannig að það kalli á breytt viðmiðunartímabil. Það er því betra að hafa ekki svo sterkt lýsingarorð í málsgreininni og best að sleppa því og það látið nægja að breytingar á upphæð iðgjalds geti kallað á endurskoðun forsendu útreiknings bótaréttar ef það er mat starfsmanna.

Önnur breyting sem lögð er til varðar hugtakið “einyrki”. Á aðalfundi 2015 var hugtakið "einyrki" tekið út úr lögum félagsins og í staðin er komið hugtakið "sjálfstætt starfandi" auk skilgreiningar á því hvað í því er fólgið. Því þarf að samræma orðalag í Reglugerð og raunar Starfsreglum Sjúkrasjóðsins einnig, vegna þessa og skipta út orðinu einyrki fyrir sjálfstætt starfandi þar sem það kemur fyrir. Í Reglugerð er það í áður nefndri gr. 9.5

Lagt er til að gr. 9.5 verði því þannig lögð fram til samþykktar á næsta aðalfundi með breytingum (breytingar í **rauðu** lettri):

9.5 Ef breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá **sjálfstætt starfandi** eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu **sjálfstætt starfandi** hafa nýlega gengið í félagið.

Að lokinni þessari kynningu Rannveigar voru stuttar umræður og síðan bar Ólafía Björk þessa tillögu framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs upp til atkvæða og sé hún samþykkt muni stjórn bera hana upp á næsta aðalfundi.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

Rannveig vísaði nú aftur í fram lagt skjal, „Minnisblað – Breytingar á Reglugerð og Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR“ dags. 04.02 2016 og sagði að framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs legði einnig til tvær breytingar á Starfsreglum sjóðsins en að þær breytingar þurfi ekki að leggja fyrir aðalfund heldur nægi samþykki stjórnar. Fór hún þá yfir breytingartillögurnar sem eru þær að í Starfsreglum er eitt tilvik um notkun orðsins einyrki og er það í gr. 2.1 og er lagt til, með sömu rökum og í breytingu á gr. 9.5 í Reglugerð sem áður var samþykkt, að orðinu sé skipt út fyrir “sjálfstætt starfandi”:

Eftir breytingu yrði greinin í heild þannig:

2.1 Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkra- eða slysadagpeninga ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur hafa fallið niður. Veikindaréttur hjá atvinnurekanda, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur. Þó er heimilt að greiða sjúkradagpeninga þeim sem fara í áfengis- eða vímuefnaferð, án þess að þeir hafi klárað veikindarétt hjá atvinnurekanda. **Sjálfstætt starfandi** í VR njóta sama réttar í veikindum og almennir launamenn og þurfa einnig að klára veikindarétt hjá eigin rekstri áður en þeir fá greiðslur úr Sjúkrasjóði VR. Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun. Ekki er heimilt að greiða sjúkradagpeninga samhliða námi sem hefst eftir að bótatímabil er hafið.

Einnig er lögð til breyting á gr. 5.5. í Starfsreglum á þá leið að til að réttur skapist til greiðslu styrks vegna glasafrjóvgana/tæknifrjóvgana og ættleiðinga að þá þurfi umsækjandi að hafa verið félagsmaður í samfellda 6 mánuði fyrir upphafsdag þeirrar meðferðar sem sótt er um styrk fyrir. Í núverandi reglum er það skilyrði að viðkomandi þurfi að hafa verið félagsmaður í 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar og það veitir sjálfstætt starfandi, eða öðrum þeim sem hafa ráðandi stöðu um greiðslu iðgjalda, svigrúm til að kaupa sér réttinn til styrks eftir að meðferð er hafin eða jafnvel lokið með því að hefja greiðslu iðgjalda til félagsins og sækja svo um að liðnum 6 mánuðum.

Með þessu væri a.m.k. lokað fyrir þann möguleika að kaupa sér réttinn eftirá.

Núverandi hljóðan:

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir styrki vegna glasafrjóvgana/tæknifrjóvgana og ættleiðingar, að hámarki 200. þús. kr. fyrir hvern félagsmann, eftir 6 mánaða samfellda greiðslu iðgjalda fyrir dagsetningu umsóknar.

Eftir breytingu (í **rauðu** lettri):

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir styrki vegna glasafrjóvgana/tæknifrjóvgana og ættleiðingar, að hámarki 200. þús. kr. fyrir hvern félagsmann, eftir 6 mánaða samfellda greiðslu iðgjalda fyrir **upphafsdag meðferðar sem sótt er um**.

Að lokinni þessari kynningu Rannveigar voru stuttar umræður og síðan bar Ólafía Björk þessa tillögu framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Launakjör stjórnarmanna

Birgir Már sagði að launanefnd hefði komið saman og rætt um að lítil hækkun hafi orðið á stjórnarlaunum síðustu árin og komin sé þörf á hækkun þar sem þau hafi dregist aftur úr öðrum launahækkunum.

Þau skoðuðu ýmsa möguleika t.d. að hækkun ætti bara að vera samkvæmt kjarasamningshækkunum eða þá að líta ætti til launaþróunar t.d. mætti miða við launaþróunarvísitölu VR. Þá hafi þau einnig skoðað hvort ættu að vera sérstök nefndarlaun.

Þau hallast að því að miðað sé við launaþróunarvísitölu VR frá og með næstu kjarasamningsbundnu hækkun sem er 6,2% og kemur væntanlega til framkvæmdar frá 1. janúar 2016. Einnig væru þau með tillögu, til skoðunar, um að varaformaður og formenn framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs og orlofsstjórnar fengju greidd ein og hálf stjórnarlaun þar sem þeirra verkefni væru tímafrekari heldur en annarra stjórnarmanna.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Birgir Már að launanefndin kæmi svo með fullmótaða tillögu fyrir næsta stjórnarfund og yrði niðurstaðan svo lögð fyrir aðalfund til samþykktar.

## 6. Yfirlýsing stjórnar til Íslandsbanka vegna bankahólfis

Ólafía Björk sagði að komið hefði í ljós að VR ætti bankahólf hjá Íslandsbanka sem hefði ekki verið hreyft lengi og þurfum við því samþykkt stjórnar til að ákveðnir starfsmenn geti fengið aðgang að hólfinu en þeir sem væru skráðir núna með aðgang eru starfsmenn sem látið hafa af störfum. Óskaði hún eftir því að fundarmenn skrifuðu undir yfirlýsingu sem heimilaði Stefáni Sveinbjörnssyni, Birni H. Björnssyni og Ingibjörgu Hrund Þráinsdóttur, starfsmönnum VR, að fá aðgang að þessu bankahólfi.

Samþykkt og yfirlýsing undirrituð.

## 7. Bréf lögmanns Ástu Rutar Jónasdóttur

Ólafía Björk sagði frá því að lögmaður Ástu Rutar Jónasdóttur, Helgi Sigurðsson hrl, hefði sent bréf á lögmann VR, Guðmund B. Ólafsson hrl. þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum m.a. fundargerð kjörfundar vegna kosningar í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna ofl. sem hún las upp. Guðmundur B. er að vinna svar.

Umræður.

## 8. Öldungaráð VR

Rannveig lagði fram skjalið “Hlutverk Öldungaráðs VR” og fór yfir efni þess. Það er eftirfarandi:

### *Hlutverk Öldungaráðs VR*

#### *1. gr.*

*Öldungaráð VR er stofnað af stjórn VR í febrúar 2016 sem umræðu- og samráðsvettvangur félagsmanna VR, 60 ára og eldri.*

#### *2. gr.*

*Öldungaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni tengd hagsmunum eldri borgara svo stjórn félagsins geti mótað sér stefnu og áætlanir því tengt.*

#### *3. gr.*

*Öldungaráð VR fundar a.m.k. annan hvern mánuð. Forystusveit ráðsins sér svo um að koma áfram hugmyndum, sem upp koma í spjalli þeirra, áfram til stjórnar félagsins til skoðunar.*

#### *4. gr.*

*Forystusveit Öldungaráðs VR er skipuð af stjórn VR til tveggja ára á fyrsta stjórnarfundum, annað hvert ár, eftir aðalfund og skal skipuð 6 eldri félagsmönnum með jöfnum kynjahlutföllum sem svo skipta sjálfir með sér verkum ef þurfa þykir.*

*Samþykkt á stjórnarfundum VR þann \_\_\_\_\_ 2016.*

Sagði hún að undirbúningshópur að stofnun Öldungaráðs hefði mikið fundað og ræddi vinnu þeirra og hugmyndir um ýms verkefni og fræðslu sem þau hyggjast skoða þegar ráðið er orðið formlega samþykkt.

Umræður.

Ólafía Björk þakkaði loks Rannveigu fyrir hennar kynningu og góða vinnu undirbúningshópsins og bar upp ofangreinda tillögu að hlutverki Öldungaráðs til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Styrkumsóknir

### a. Parkinsonsamtökin

Ólafía Björk lagði fram styrkumsókn Parkinsonsamtakanna dags. 13.01.2016 en óskað er eftir styrk að upphæð kr. 664.000 vegna kaupa á Weber píanó fyrir kóræfingar hjá samtökunum.

Umræður.

Hafnað.

**b. Forvarnarstarf læknanema**

Ólafía Björk lagði fram styrkumsókn Ástráðs, forvarnarstarfs læknanema, dags. 20.01 2016 en óskað er eftir styrk að upphæð kr. 100.000 vegna kostnaðar við sjálfboðaliðastarf læknanema um kynfræðslu fyrir framhaldsskólanema.

Umræður.

Samþykkt.

Fundi var slitið kl. 20:17  
Árni Leósson, fundarritari